



## Reglugerð um Unglingameistaramót Íslands

1. Unglingameistaramót Íslands í alpagreinum og skíðagöngu skal fara fram ár hvert nema veður og aðrar ástæður hamli. Ekki skal halda mótið á sama stað og Skíðamót Íslands.
2. Þau aðildarfélög er vilja hafa á hendi framkvæmd mótsins skulu senda umsókn um það til SKÍ fyrir 15.apríl. Umsókninni skal fylgja áætlun um framkvæmd mótsins, aðstöðu keppenda og gesta. Mótsstaður fyrir Unglingameistaramót Íslands skal ákveðinn á Skíðaþingi tvö ár fram í tímann. Stjórn SKÍ skal hitta mótshaldara haustið fyrir mótið, eigi síðar en 1.október. Fara skal yfir undirbúning, dagskrá og umgjörð.
3. Mótshaldara ber að senda öllum aðildarfélögum SKÍ boð um þátttöku ásamt upplýsingum um framkvæmd mótsins. Auglýsa skal mótið með lágmarks tveggja mánaða fyrirvara. Að öðru leyti skal fara eftir reglugerð um keppnishald SKÍ.
4. Eftirlitsmenn skulu vera skv. reglugerð um eftirlitsmenn og dómara.
5. Í leikskrá og skýrslum mótsins skal tilgreina aðildarfélag sem keppandi keppir fyrir. Til þess að keppni geti farið fram þarf lágmarksþátttaka að vera a.m.k. þrír keppendur í viðkomandi keppnisgrein, eða þrjár sveitir í boðgöngu. Stjórn SKÍ er heimilt að gefa undanþágu frá reglunni.
6. Innheimt eru keppnisgjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein og eru þau ekki afturkræf ef hann er á ráslista.
7. Keppa skal í eftirtöldum greinum:

Alpagreinar			
Svig	12-13 ára	14-15 ára	Piltar og stúlkur
Stórvig	12-13 ára	14-15 ára	Piltar og stúlkur
Alpatvíkeppni	12-13 ára	14-15 ára	Piltar og stúlkur
Samhliðasvig	12-13 ára	14-15 ára	Piltar og stúlkur



### Skíðaganga

3,5 km	13-14 ára	H-F		Piltar og stúlkur
5,0 km	15-16 ára	H-F		Piltar og stúlkur
Tvíkeppni	13-14 ára	15-16 ára		Piltar og stúlkur
800m x 1,5 km*			13-16 ára	Liðasprettur stúlkur
800m x 1,5 km*			13-16 ára	Liðasprettur piltar

\*Mótshaldari hefur heimild til að halda blandaðan liðasprett, bæði af kyni og aöldarfélagi.

8. Á Unglingameistaramóti verði krýndir unglingsmeistarar í eftirfarandi flokkum:
  - Unglingameistari 12 ára pilta og stúlkna í svigi, stórvigi.
  - Unglingameistari 13 ára pilta og stúlkna í svigi, stórvigi.
  - Unglingameistari 12-13 ára pilta og stúlkna í alpatvíkeppni og samhlíðasvigi.
  - Unglingameistari 14-15 ára pilta og stúlkna í svigi, stórvigi, alpatvíkeppni og samhlíðasvigi.
  - Unglingameistari 13-14 ára pilta og stúlkna í 3,5 km H, 3,5 km F skíðagöngu og tvíkeppni.
  - Unglingameistari 15-16 ára pilta og stúlkna í 5,0 km H, 5,0 km F skíðagöngu og tvíkeppni.
  - Unglingameistari 13-16 ára pilta í boðgöngu.
  - Unglingameistari 13-16 ára stúlkna í boðgöngu.

Veitt verði verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hverjum flokki í skíðagöngu og alpagreinum.

9. Að öðru leyti gilda reglur FIS.

Samþykkt á Haustfundi 6.okt 2018